

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**23. janúar 2024**

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um rekstrarútboð sorphirðu í Reykjavík**  
Lagt er til að hafinn verði undirbúningur rekstrarútboðs sorphirðu í Reykjavík.

### **Greinargerð**

Nýtt flokkunarkerfi sorphirðu var innleitt á síðastliðnu ári og hefur sorphirða í Reykjavík gengið brösuglega í kjölfarið. Sorphirða hefur víða verið fleiri vikum á eftir áætlun og losun grenndargáma illa sinnt.

Sorphirða er boðin út í öllum nágrennasveitarfélögum og hefur innleiðing nýs kerfis gengið töluvert betur á öllu höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Jafnframt hefur komið í ljós að gjaldskrár sorphirðu eru töluvert hagstæðari fyrir íbúa í nágrennasveitarfélögum heldur en í Reykjavík þar sem sorphirðugjöld eru langhæst. Til samanburðar er gjald fyrir þrjár 240 lítra flokkunartunnur (pappírstunnu, plasttunnu og tvískipta tunnu fyrir blandað og lífrænt sorp) auk gjalds fyrir rekstur grenndar- og endurvinnslustöðva samtals 90.500 kr. í Reykjavík en 62.500 kr. í Kópavogi, 68.798 í Hafnarfirði og 72.190 í Garðabæ. Gjald fyrir sorphirðu er því um 45% hærra í Reykjavík en Kópavogi.

Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokks því til að sorphirða verði boðin út í Reykjavík með það að markmiði að tryggja íbúum bæði betri þjónustu og lægri þjónustugjöld.